

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Kjalarnes, Bergvík.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 12. ágúst 2016 breytingu á deiliskipulagi Grundarhverfis. Í breytingunni felst að afmörkuð er ný lóð við Víkurgrund á Kjalarnesi. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Þingasel 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 28. júlí 2016 breytingu á deiliskipulagi Seljahverfis, Hvammskotshóla, vegna lóðar nr. 3 við Þingasel. Í breytingunni felst að byggingarreitur er stækkaður til suðurs um 3,5 m og að byggja sólstofu, allt að 20 m², á jarðhæð út frá suðurhlið hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 16. ágúst 2016.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 30. ágúst 2016